

Skipulagsstofnun  
Sigmar Arnar Steingrímsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb.
12. jan. 2012
8/12-0
Tilv. UST20111200101



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 6. janúar 2012  
Tilvísun: UST20120100045/mik

### Efni: Eldi á bleikjuseiðum og borra í Fellsmúla, Rangárþingi ytra - umsögn.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 13. desember 2011 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000 m.s.b. og 11. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum.

#### Starfsemi

Í kynningarskýrslu frá Íslenskri matorku ehf. um eldi á bleikjuseiðum og borra í Fellsmúla, Rangárþingi ytra kemur fram að fiskeldisstöðin í Fellsmúla hefur verið starfrækt í 26 ár og að Íslensk matorka ehf. hafi keypt stöðina í september 2010.

Fram kemur að fyrirhugaðar breytingar á fiskeldisstöðinni fela í sér að auka magn af framleiddum fiski þannig að ársframleiðsla fari yfir 20 tonn og að fyrirtækið sækir um starfsleyfi fyrir 100 tonna framleiðslu af bleikjuseiðum og 250 tonna framleiðslu af borra. Einnig kemur fram að meðallífmassi á hverjum tíma séu 30 tonn af bleikju og 85 tonn af borra.

Í kynningarskýrslunni kemur fram að núverandi starfsemi sé framleiðsla á bleikju sem komi í stöðina sem hrogn frá Hólum í Hjaltadal og seiði frá Stofnfishi og borri e. tilapia (*Oreochromis niloticus*) sem fluttur hafi verið til Íslands frá Kanada árið 2006 með samþykki fisksjúkdómanefndar. Fram kemur að framleiðsla 2011 var áætluð 12 tonn af bleikju og 15 tonn af borra. Í skýrslunni kemur fram að framkvæmdir og áform fyrirtækisins verði í takt við gildandi aðalskipulag, deiliskipulag, lög og reglugerðir sem framleiðsla af þessum toga heyri undir.

Fram kemur að samhliða aukningu á framleiðslu í fiskeldinu séu fyrirhugaðar framkvæmdir og starfsemi til að draga úr úrgangi frá stöðinni með frárennsli. Annars vegar að reisa 300 m<sup>2</sup> gróðurhús að danskri fyrirmund sem tengt verður fiskeldinu þannig að frárennsli frá því verði nýtt til ræktunar matjurta og þannig hreinsa fóðurleifar og úrgang úr frárennslinu.

Einnig að gera eigi endurbætur á setþró með því að setja upp lengdarstraumsker og hreinsunarbúnað sem m.a. geri kleift að endurnýta vatn í fiskeldið. Þannig muni verða hægt að auka framleiðslu í fiskeldinu án aukningar mengunar af völdum lífræns úrgangs með frárennsli. Fram kemur að frárennsli verði í samræmi við bestu fáanlegu tækni (BAT) fyrir fiskeldi. Að auki kemur fram í greinargerð að öll útiker verða varin með dús eða neti og að vargfugl eða önnur villt dýr hafi ekki aðgang að hreinsivirkri í setþró þar sem það sé lokað. Framkvæmdaraðili nefnir einnig að förgun fóðurleifa og dauðs fisks verði á viðurkenndum förgunarstað.

### Umhverfisáhrif

Í kynningarskýrslu kemur fram að aðstæður á lóð fiskeldisstöðvarinnar í Fellsmúla séu með þeim hætti að lóðin liggi að Minnivallalæk og Fellsmúlalæk. Fram kemur að frárennsli stöðvarinnar fer í setþró og síðan út í Minnivallalæk sem fellur í Þjórsá um 8 km neðar. Í skýrslunni kemur einnig fram að sérstök hætta sé á smiti frá villtum fiski í eldisfisk en að smit gangi ekki í hina áttina .

Í kynningarskýrslu er kjörhitastig borra sagt  $27^{\circ}\text{C}$  og að hann drepist við  $12-15^{\circ}\text{C}$  og lifi því ekki í íslenskri náttúru. Einnig kemur fram í skýrslunni að í mati á búsvæðum laxfiska í Minnivallalæk sem unnið var fyrir Veiðifélag Minnivallalækjar af Veiðimálastofnun 2009 hafi vatnshiti Minnivallalækjar mælst árið 2009 á bilinu  $4,9-12,4^{\circ}\text{C}$  eftir árstíma og staðsetningu og að jarðhiti sé talinn hafa einhver áhrif á hitastig lækjárins. Fram kemur að í ofangreindu mati var ekki fjallað um áhrif fiskeldis við Minnivallalæk á lífríki árinnar né á fiskgengd. Umhverfisstofnun bendir á að í ljósi aðstæðna sé ekki hægt að útiloka að í framtíðinni skapist lífvænleg skilyrði fyrir borra í Minnivallalæk vegna breytilegs hitastigs vatns í honum og mögulegra aukinna áhrifa jarðhita.

Samkvæmt kynningarskýrslu verður reist jarðvegsmön umhverfis gróðurhús til að draga úr áhrifum norðanáttar og tilgreint að hún muni jafnframt draga úr áhrifum ljósmengunar til bæja með aðsýn úr norðri. Einnig verði ræktaðar tegundir sem ekki eru ljósfrekar og að ljósmengun verði því óveruleg. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 35. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 þá skuli þess gætt við hönnun mannvirkja að þau falli sem best að svipmóti lands. Einnig hvetur Umhverfisstofnun til þess að notast verði við íslenskan staðargróður við tegundaval trjáa á svæðinu.

Umhverfisstofnun gerir athugasemd vegna starfsleyfis framkvæmdaraðila en starfsleyfi fyrir reksturinn gefið út af Hollstuvernd ríkisins rann úr gildi 20. apríl 2010. Fram kemur í kynningarskýrslu að Íslensk matorka ehf. keypti eignir úr þrotabúi Eldisstöðvarinnar Fellsmúla í september 2010 og tók við rekstrinum. Í kynningarskýrslu kemur einnig fram að breytingar hafa orðið á starfsemi fyrirtækisins þannig að ræktaðar hafa verið aðrar tegundir í fiskeldinu en heimild var fyrir skv. starfsleyfi. Nýtt starfsleyfi var gefið út til Íslenskrar matorku ehf. fyrir fiskeldisstöðina í Fellsmúla af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands 27. október sl. en skv. reglugerð nr. 785/199 m.s.b. um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun er heilbrigðiseftirliti heimilt að gefa út starfsleyfi fyrir fiskeldi allt að 20 tonna framleiðslu þar sem fráveita er í ferskvatn. Í kynningarskýrslu Íslenskrar matorku ehf. kemur fram að framleiðsla í stöðinni 2011 hafi verið 12 tonn af bleikju og 15 tonn af borra og því ljóst að framleiðslan er meiri en heilbrigðiseftirlitið hefur heimild til að gefa út starfsleyfi fyrir. .

## Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að ofangreind starfsemi muni ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif verði sú hreinsitækni notuð við starfsemina sem lýst er í kynningarskýrslu, auk þess sem tryggt verði að ekki komi upp hætta á smiti lifandi fiska eða sjúkdómsvalda út í íslenska náttúru.

Stofnunin telur mikilvægt að sett verði ákvæði í starfsleyfi um vöktun á frárennsli frá fiskeldisstöðinni og á lífríki Minnivallalækjar og gerð verði grein fyrir viðeigandi ráðstöfunum mælist magn efna í frárennsli yfir ásættanlegum mörkum skv. starfsleyfi og gildandi lögum og reglugerðum.

Umhverfisstofnun telur í ljósi ofangreinds að framkvæmdir og starfsemi fyrirhugaðs fiskeldis í Fellsmúla skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum skv. 3. viðauka í lögum nr. 106/2000 m.s.b. og 11. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst



Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Deildarstjóri



Guðrún Lára Pálmadóttir  
Sérfræðingur